



Hrafnhildur Schram „Þetta er sögulegt yfirlit því það er komin ákveðin tímafarlægð á myndlist kvenna frá þessu tímabili og hægt er að skoða hana af meira hlutleysi en áður.“

lega upp undir hundrað. Þetta er því ekki endanleg úttekt á listrænni starfsemi íslenskra kvenna á þessum tíma. En þetta er sögulegt yfirlit því það er komin ákveðin tímafarlægð á myndlist kvenna frá þessu tímabili og hægt er að skoða hana af meira hlutleysi en áður.

Ég hef lagt áherslu á að flestar listgreinar séu sýnilegar: málverk, vefnaður, grafík, ljósmyndir, gjörningar. Þarna eru til dæmis ljósmyndir af gjörningi sem Rúrí framdi árið 1974 í Lækjargötunni, þegar hún braut niður gylltan Benz með sleggju. Hins vegar eru engar höggmyndir á sýningunni og það væri vert að gera höggmyndagerð kvenna skil á sérstakri sýningu.“

#### Kvennapólitísk list

*Eru verkin á sýningunni áberandi pólitísk?*

„Ég var ekkert sérstaklega að leita eftir pólitískum verkum. En þar sem konurnar unnu undir áhrifum frá femínismanum þá er list þeirra kvennapólitísk. Rauðsokkurnar voru að berjast fyrir afar merkilegum málum þótt þær væru mjög umdeildar. Í dag teljast baráttumál þeirra til sjálfsgöra mannréttinda. Þessi barátta skilaði sér í listsköpun kvenna og inn í hana blandast oft heimspólitík og barátta gegn herstöðinni á Miðnesheiði. Þannig skírskotun má til dæmis sjá hjá Hildi Hákonardóttur í teppinu hennar, Ísland úr NATÓ.“

*Hvernig er staða íslenskra listakvenna í myndlist nútímans?*

„Hún er sterk. Í dag eru konur um 75 prósent af listamönnum í SÍM, en kannski eru þær ekki eins sýnilegar og þær ættu að vera. Safneign Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur ætti vitaskuld að endurspeglar þetta hlutfall en gerir það ekki, sem er mjög miður.“



Róska, Lifi frelsið, 1973

## 27 lista-konur

Á sýningunni Með viljann að vopni – Endurlit 1970–1980, eru verk 27 listakvenna.

Þær eru:

Anna Þóra Karlsdóttir,  
Ása Ólafsdóttir,  
Ásgerður Búadóttir,  
Ásta Ólafsdóttir,  
Björg Þorsteinsdóttir,  
Borghildur Óskarsdóttir,  
Edda Jónsdóttir,  
Edda Óskarsdóttir,  
Elísabet Haraldsdóttir,  
G. Erla (Guðrún Erla Geirsdóttir),  
Hildur Hákonardóttir,  
Jóhanna Bogadóttir,  
Margrét Jónsdóttir,  
Messíana Tómasdóttir,  
Ragnheiður Jónsdóttir,  
Róska (Ragnhildur Óskarsdóttir),  
Rúna (Guðrún Þorkelsdóttir),  
Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir),  
Rúrí, Sigrún Eldjárn,  
Sigrún Sverrisdóttir,  
Steinunn Bergsteinsdóttir,  
Steinunn Marteinsdóttir,  
Svala Sigurleifsdóttir,  
Valgerður Bergsdóttir,  
Þorbjörg Höskuldsdóttir og  
Þorbjörg Þórðardóttir.